

KENNARMENNTENDUR SEM FAGSTÉTT


Sigurður Kristinsson, prófessor í heimspeki

Vorráðstefna Miðstöðvar skólapróunar , 5. apríl 2014



HVERS VEGNA SKIPTA KENNARAMENNTENDUR MÁLI?

- Kennarar eru stærsti áhrifavaldur innan skólans á nám nemenda.
- Kennarar kennara (e. Teacher Educators) hljóta sömuleiðis að vera stór áhrifavaldur á nám þeirra
 - Sem kennaranema, nýliða í starfi og reyndra kennara
- Kennaramenntendur hafa því veruleg áhrif á nám nemenda



VAXANDI ÁHUGI Á STEFNUMÓTUN UM MÁLEFNI KENNARAMENNTENDA

- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (European Commission):
 - Peer Learning Activity (PLA) í Reykjavík 2010
 - Peer Learning Conference í Brussel 2012
 - Education²: Policy Support for Teacher Educators
 - Thematic Working Group: Teacher Professional Development
 - Sérfræðingar frá 26 Evrópulöndum
 - Skýrsla í október 2013
- EU Presidency Conference í Dublin 2013



ANNAÐ DÆMI UM ÁHRIF ÍSLANDS Á EVRÓPU 2010



ÞRÓUN NÝRRAR FAGSTÉTTAR?

- Velon – Samtök hollenskra kennaramenntenda
 - Vereniging Lerarenopleiders Nederland
- ATE – Samtök bandarískra kennaramenntenda
 - Association of Teacher Educators
- ATEA – Samtök ástralskra kennaramenntenda
 - Australian Teacher Education Association
- Mofet – Rannsóknar- og þróunarmiðstöð í Ísrael
 - Research, Curriculum and Program Development for Teacher Educators
- NAFOL – Norskur doktorsnámsskóli í samvinnu 17 háskóla
 - The Norwegian National Graduate School for Teacher Education



SPURNINGAR SEM HÉR VERÐA RÆDDAR

- Hverjir eru kennarar kennara?
- Má líta á þá sem fagstétt?
- Ættu þeir að líta á sig sem fagstétt?
- Hvaða skref væri mögulegt/æskilegt að taka í þá átt hér á landi?



HVERJIR ERU KENNARAR KENNARA?

- Þröng skilgreining:
 - Þeir sem kenna kennslufræði eða menntavísindi í kennaranámi við háskólastofnun.



HVERJIR ERU KENNARAR KENNARA?



- „All those who actively facilitate the (formal) learning of student teachers and teachers“ (European Commission 2013)
- Allir sem stuðla með virkum hætti að (formlegu) námi kennaranema og kennara

Fjölbreyttur hópur

- Samnemendur?
- Nemendur í skólum?




Mismunandi:

- Menntunarstig
- Sérþekking
- Starfsreynsla
- Tegund hæfni
- Starfsumhverfi
- Starfskjör
- Stofnanafjötrar
- o.s.frv.




KENNARAMENNTUN SEM ÆVIMENNTUN



Fjölbreyttur hópur

- Starfspróun og símenntun



Mismunandi:

- Menntunarstig
- Sérþekking
- Starfsreynsla
- Tegund hæfni
- Starfsumhverfi
- Starfskjör
- Stofnanafjötrar
- o.s.frv.



ÁHRIFAKEÐJAN

Kennaramenntendur

- Í háskólastofnun
 - Menntavísindi
 - Kennslufræði
 - Almenn fög
 - Kennslugreinar
 - Rannsakendur
 - Umsjón með vettvangsnámi
- Í skólum
 - Leiðsagnarkennarar
 - Umsjón með vettvangsnámi
 - Leiðsögn og stuðningsnet nýliða
- Ytri aðilar
 - Starfsþróun og símenntun

Kennarar

- Kennaranemar
 - Í háskóla
 - Á vettvangi
- Nýliðar í starfi
- Reyndir kennarar

Nemendur

- Í leikskólum
- Í grunnskólum
- Í framhaldsskólum



ERU KENNARAMENNTENDUR FAGSTÉTT?

- Einkennast störf þeirra af fagmennsku?
- Byggist fagleg sjálfsmynd þeirra á því hlutverki að mennta kennara?
 - Líta þeir á menntun kennara sem frumskuldbindingu sína?
 - Sameiginlegt faglegt gildismat og viðmið um vandaða starfshætti?
- Hefur starf þeirra lykileinkenni fagstétta?



EINKENNAST STÖRF KENNARAMENNTENDA AF FAGMENNSKU?

- Fagmennska í víðum skilningi (Sigurður Kristinsson 2013):
 - Fagmennska er *kunnátta*, *færni* og *alúð* við það starf sem maður hefur atvinnu af og hefur með viðurkenndum hætti sýnt fram á tilskilda færni og þekkingu til að gegna.
 - Alúðin felur m.a. í sér *siðferðilegar dygðir* á borð við heilindi, heiðarleika og trúnað.
 - Ólíkt *lausamanni* er fagmaður skuldbundinn starfinu og *innri gildum* þess, sem greinast í *samfélagslegt hlutverk*, *almenn siðferðisgildi* og *vandaða starfshætti*.



FAGLEG SJÁLFSMYND KENNARAMENNTENDA

- Misjöfn og margbreytileg
 - Kennari (á tilteknu skólastigi)
 - Háskólakennari
 - Rannsakandi
 - Kennari kennara
- Fagleg skuldbinding gagnvart kennaramenntun missterk
- Misjöfn vitund kennaramenntenda um hlutverk sitt sem fyrirmynd verðandi kennara, t.d. um kennsluhætti
- Sameiginlegt gildismat og viðmið ekki til staðar
 - T.d. ekki sameiginlegar siðareglur



ÁLIT ÞEMAHÓPS FRKV.STJ. EVRÓPUSAMBANDSINS

- “Because of their strong influence on the competence and lifelong learning of teachers, it is important for teacher educators to be conscious of the importance of their role, and to **work together** effectively at all stages of the continuum of professional development.
- Effective cooperation requires **common values for the profession** and a **shared responsibility for high quality teacher education**. Therefore, teacher educators – no matter what role they play in teacher education or how they identify themselves – should have a clear, **shared understanding of their roles and of the many aspects of quality in teaching.**” (European Commission, 2013)



ÁLIT ÞEMAHÓPS FRKV.STJ. EVRÓPUSAMBANDSINS

- “Í ljósi þess hve mikil áhrif kennaramenntendur hafa á hæfni og ævimenntun kennara er mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um mikilvægi hlutverks síns og **vinni saman** á árangursríkan hátt á öllum stigum starfsþróunarferilsins.“
- “Árangursrík samvinna krefst **sameiginlegs faglegs gildismats** og **samábyrgðar á hágæða-kennaramenntun**. Þess vegna ættu kennaramenntendur, hvaða hlutverki sem þeir gegna í kennaramenntun og hver sem fagleg sjálfsmynd þeirra er, að hafa skýran **sameiginlegan skilning á hlutverkum sínum og hinum mörgu hliðum gæða í kennslu.**” (Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, 2013)



HEFUR STARF KENNARAMENNTENDA LYKILEINKENNI FAGSTÉTTA?

- Algengustu skilyrðin:
 1. Löng menntun - rannsóknir
 2. Sérhæfður þekkingargrunnur
 3. Samfélagslega mikilvæg þjónusta
- Önnur skilyrði:
 4. Opinbert starfsleyfi
 5. Fagsamtök
 6. Sjálfræði í starfi
- Frekari einkenni:
 7. Skráðar siðareglur
 8. Sjálfseftirlit
 9. Einkaréttur á starfsemi



TILLÖGUR ÞEMAHÓPS AÐ UMGJÖRÐ UM STÖRF KENNARAMENNTENDA:

- Skilgreina fageinkennin, meta störfin, samræða haghafa, breyta lögum þar sem þess er þörf
- Fagstéttin skipuleggi sig sjálf og beri ábyrgð á gæðum
- Ná sátt meðal lykil-haghafa
- Skilgreina hæfi, hæfni og inntökuskilyrði
- Tryggja ákveðna upphafsmenntun kennaramenntenda
- Tryggja aðgang að hágæða starfsþróun
- Efla samvinnu kennaramenntenda á ólíkum vettvangi



NIÐURSTÖÐUR PLC Í BRUSSEL 2012

- Lykilfagstétt sem verðskuldar meiri athygli
- Lýsa þarf ólíkum hæfnispáttum innan hennar
- Þróa þarf umgjörð um eflingu þessara hæfnispátta
- Þjóða þarf upp á fjölbreytta starfsþróun
- Byggja þarf upp þekkingargrunn
- Skapa þarf fagsamfélög kennaramenntenda
- Efla þarf faglega samræðu haghafa



ÆTTU KENNARAMENNTENDUR AÐ LÍTA Á SIG SEM FAGSTÉTT?

- Það skiptir eflaust meira máli hvernig þeir þróa sameiginlega fagmennsku sína og samvinnu.
- Mikilvægt að í eiginlegu kennaranámi séu allir kennarar meðvitaðir um ábyrgð sína sem kennaramenntenda
 - Fyrirmynd um kennsluhætti
 - Geta útskýrt og rætt kennsluaðferðir og kennslufræðileg álitamál og úrlausnarefni
- Mikilvægt að kennaramenntendur efli hæfni sína á þeim sviðum sem ekki eru þeirra helsti styrkur



HVAÐA SKREF VÆRU MÖGULEG/ÆSKILEG?

- Auknar kröfur til háskólakennara almennt um kennslufræðilega menntun
- Starfsþróunarskólar (Professional Development Schools) leitast við að brúa bil kenninga og starfs (Teitel, 2008)
 - Markmið: Nám nemenda, menntun og starfsþróun kennara, rannsóknir til að bæta starfshætti
 - Þróun: Tengslaleysi – gagnkvæmni – umbreyting
- Samstarf haghafa um kennaramenntun, símenntun og starfsþróun
- Rannsóknir á kennaramenntendum og starfi þeirra



SAMANTEKT

- Ört vaxandi alþjóðleg umræða um kennaramenntendur sem sérstakan, mikilvægan áhrifavald um nám í skólum.
- Kennaramenntendur eru samansafn ólíkra aðila og mynda ekki fagstétt í hefðbundnum skilningi.
- Þó gegna þeir í sameiningu mikilvægu samfélagslegu hlutverki: Menntun kennara
- Mikilvægir hagsmunir krefjast þess að þessu hlutverki sé vel sinnt
- Með því að þróa sameiginlega fagvitund geta kennaramenntendur aukið trúverðugleika sinn í þessu hlutverki



TAKK FYRIR!

